

Mál nr. 313/2013
M
V1 v/ bifreiðar A og V2 v/ bifreiðar B.

Árekstur við útakstur úr hringtorgi á Suðurlandsvegi 18. júní 2013.

Gögn.

1. Málskot dags. 18. september 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 20. september 2013.
3. Bréf V2 dags. 2. október 2013.

Málsatvik.

Af tjónstilkynningarskýrslu verður ráðið að bifreiðunum A og B hafi verið ekið um hringtorg á Suðurlandsvegi og báðar verið á leið út úr hringtorginu þegar árekstur varð með bifreiðunum þannig að hliðar þeirra lentu saman. Tvær akreinar eru út úr hringtorginu og var fyrirhuguð akstursleið bifreiðanna á hvorri akrein um sig.

M kveðst hafa ekið bifreið A úr ytri hring hringtorgsins í hægri beygju þegar bifreið B hafi verið ekið á bifreið A. Sú bifreið hafi verið að koma úr innri hring hringtorgsins og hafi ökumaður hennar ekið til hliðar yfir á akrein A og þannig ekið í hlið A. M vísar til þess að ökumaður B hafi viðurkennt að hafa skipt um akrein þegar skýrsla var tekin á vettvangi.

Ökumaður B kveðst hafa ekið af innri akrein hringtorgs þegar bifreið A hafi verið ekið í hlið bifreiðar B.

V1 telur að ökumaður B hafi skipt um akrein og ekið í vinstri hlið bifreiðar A þegar bifreiðarnar voru komnar út úr hringtorginu og beri hann því alla sök á árekstrinum. V2 telur að ósannað sé hvar árekstur varð nákvæmlega og ekki sé sannað að annar ökumaður hafi ekið yfir miðlínu vegarins yfir á akrein hins. Því eigi að skipta sök til helminga.

Álit.

Í gögnum málsins kemur fram að bifreiðum A og B var báðum ekið áleiðis út úr hringtorgi sem búið er tveimur akreinum. Ef lagður er til grundvallar framburður ökumanna í skýrslu sem tekin er á vettvangi hefði ekki átt að geta orðið árekstur milli bifreiðanna. Í gögnum er ekki að finna skýr sönnunargögn um staðsetningu bifreiðanna þegar árekstur varð eða að annar ökumaður hafi ekið yfir á vegarhelming hins. Ekki er hægt að leggja til grundvallar fullyrðingar M um að ákoma á bifreið A hvar og hvernig árekstur varð. Í ljósi þess að ósannað er hvar árekstur átti sér stað og hvort annar ökumaður braut gegn háttarnisreglum umferðarlaga frekar en hinn verður sök vegna árekstursins skipt til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli A og B.

Reykjavík 24. október 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.